

20.mars 2020.

Kæru foreldrar í leikskóladeild.

Sjaldan eða aldrei hefur starfsfólk grunn- og leikskóla landsins fengið eins flókið verkefni að glíma við og núna þegar við berjumst við Covid-19 veiruna. Við höfum vart við að taka við nýjum upplýsingum frá almannavörnum og reyna að bregðast sem fyrst við að breyta og haga allri starfsemi í samræmi við þau fyrirmæli sem öll lúta að því að sporna við útbreiðslu Covid-19 veirunnar.

Við tökum undir orð almannavarna og hvetjum alla foreldra sem hafa tök á að hafa börn sín heima á meðan veiran herjar á okkur, taka staka frídaga eins og hægt er eða minnka skólatíma barnsins.

Skólastarf í deildum Seyðisfjarðarskóla hefur nú þegar verið lítillega skert og nú er komið að því að skerða það aðeins meir. Í næstu viku lokum við leikskóladeildinni kl. 15:00 þar sem mikilvægt er að starfsfólk hafi tíma til að sinna sóttthreinsun á deildum og öðru rými skólans fyrir næsta dag og fái nokkrar mínútur í upplýsingafund. Eins þarf leikskóladeildin að gera breytingar á móttöku og skilum barna í upphafi og lok dags (sjá síðar í pósti) og að beiðni almannavarna þurfum við að stokka upp barnahópa. „*Það felur í sér að á leikskóla er ein deild (eða fleiri) eða eitt rými sérstaklega fyrir þennan barnahóp sem er þá saman allan þann tíma sem barnið er í leikskóla.*“ (úr bréfi frá almannavörnum). Því munu barnahóparnir breytast töluvert í næstu viku en við reynum eins og við getum að halda árgöngum og vinum saman. Eins er okkurt gert að setja systkini saman í hópa. Bryndís sendir upplýsingar til viðkomandi foreldra í tölvupósti.

Móttaka og heimferðartími barnanna verður sem hér segir:

Frá og með mánudegi 23. mars tökum við á móti börnunum við útidyrnar sitt hvorum megin í húsinu þar sem foreldrar og aðrir gestir mega ekki koma inn í fataklefan eða skólahúsnæðið.

Svona lítur það plan út:

Foreldrar þeirra barna sem verða á Álfhól og Vinaminni næstu vikur koma inn á framhlið leikskólans (muna nýja hópaskipan/ breytingu á hópum skv. tilmælum almannavarna). Tekið er á móti börnunum við útidyr þar sem starfsmaður tekur á móti þeim og fylgir börnunum inn í fataklefa og inn á deild. Töskur og aðra fylgihluti setja foreldrar inn fyrir hurðina. Best er ef börnin kveðja foreldra við ytri dyrnar og ganga sjálf inn til kennara en ef ekki þá kemur kennari og hjálpar til við að taka á móti við útidyr.

Foreldrar sækja börnin líka framhliðarmegin þar sem starfsmaður verður í fataklefa milli kl. 14:15-15:00 og væri gott ef foreldrar gætu dreift komu sinni á þeim tíma svo það komi ekki allir rétt fyrir kl. 15:00 í einn kös sem við þurfum að forðast. Verið ætíð vakandi yfir 2ja metra fjarlægðinni.

Foreldrar á Dvergasteini (muna ný hópaskipan) koma með börnin og sækja inn um hliðið í bakgarðinn að bakdyrunum þar sem starfsmaður tekur á móti þeim og fylgir þeim inn á Dvergastein. Stefnt er að því að skila Dvergasteini alltaf í útivist svo við reynum að láta þau vera komin út um kl. 14:30.

Þegar veður eða aðrar aðstæður leyfa munum við jafnvel skila öllum börnunum úti. Þá verða Dvergasteinsbörn líklegast fyrir utan garðinn að leika (t.d. á spítalatúninu eða nágrenni) og hin þá í

garðinum. Ef Vinaminni verður úti læsum við útihurðinni á framhlið og hengjum auglýsingu á útihurðina og beinum foreldrum að sækja börnin bakdyrarnum um hliðið.

Við þökkum foreldrum fyrir skilninginn en það á eins við okkur hér í okkar samfélagi sem annars staðar að mikilvægast af öllu er að standa saman á þessum skrítnu og flóknu tímum.

Kær kveðja

Stjórnendur og starfsfólk Leikskóladeildar Seyðisfjarðarskóla